



Reykjavík, 19. janúar 1989.

Eins og fram kemur í greinargerð frumvarpsins má rekja flestar breytingar á áfengislögunum til vantanlegrar sölu áfengs öls 1. mars n.k. og til breyttra ákvæða í sveitarstjórnarlögum og eru það eðlilegar orðalagsbreytingar.

Í 6. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að lögreglustjóri í viðkomandi sveitarfélagi gefi út leyfi til áfengisveitinga eftir að hafa fengið jákvæðar umsagnir hlutaðeigandi sveitarstjórnar og matsnefndar veitingahúsa.

Það er eðlilegt að fela þessar leyfisveitingar lögreglustjórum með þessum hætti hverjum í sínu umdæmi enda hefur það verið þannig með svipuð leyfi t.d. skemmtanaleyfi.

Það er eins og kunnugt er ýmis vandamál sem fylgja veitingahúsum sem hafa leyfi til áfengisveitinga og það er lögregla á hverjum stað sem hefur veg og vanda af eftirliti með húsunum og því eru lögregluþyrifirvöld ásamt sveitarstjórn færustu aðilar til að meta aðstæður að þessu leyti og vita hvar skórin kreppir bæði hvað varðar aðstæður, umgengni og brag á hverjum veitingastað og eiga því auðveldast með að setja húsum nauðsynleg skilyrði, krefjast úrbóta og jafnvel svipta sum leyfi ef þurfa þykir enda er skylda lögreglumanna og sveitarstjórnar til eftirlits skýrt orðuð í greininni og hefur reyndar verið í lögunum.

Í 3. mgr. 6. gr. er tekið fram að leyfi til áfengisveitinga skuli gefin út á nafn veitingamanns og fellur leyfið niður hætti hann rekstri staðarins. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að nyr aðili geti rekið staðinn á bráðabirgðaleyfi meðan umsókn hans um nýtt leyfi er til meðferðar. Framkvæmdin varðandi þetta atriði hefur verið á þann veg að nyr aðili hefur rekið umrætt hús á leyfi fyrri eiganda þangað til hann hefur fengið nýtt leyfi. Bráðabirgðaleyfi útgefið til hans eins og frumvarpið gerir ráð fyrir eykur örugglega festu í meðferð þessarra mála og er til bóta.

Eðlilegt er eins og ráð er fyrir gert að yfirstjórn þessarra mála sé hjá dómsmálaráðuneytinu og sett verði reglugerð um framkvæmd og eftirlit. Það tryggir samræmi eins og kostur er í hinum ýmsu sveitarfélögum.

Björvar Brazason